

Æskulýðsnefnd Snæfellinga Ársskýrsla 2016

Í nefndinni eru: Nadine Walter, Ingibjörg Sigurðardóttir, Veronica Osterhammer, Lárus Guðmundsson og Heimir Ívarsson.

Laugardaginn 27. febrúar gerðum við okkur glaðan dag á Suðurlandinu. Hópurin stóð saman úr 15 ungmennum á aldrinu 5 til 17 ára, tvær mömmur og svo farastjórarnir Nadine og Veronica .

Farið var snemma suður á einkabílum, fyrsta stoppið var í „Litlu kaffistofunni“ á Hellisheiði sem er mjög skemmtileg ekta íslensk sjoppa og þaðan lá leiðin í Fákasel. Þar var vel tekið á móti okkar og við fórum að skoða hestúsin og búðina. Síðan var farið í hópleiki eins og hjóalburuhlaup í reiðhöllinni sem var mjög skemmtilegt fyrir alla frá yngstu upp í elstu krakkana.

Þar sem við áttum svo lausan tíma þangað til sýningin byrjaði skelltum við okkur í sund á Selfossi og svo í kaffi á Kaffi Krús ☺ ekki voðalega svöng var farið aftur á Fákasel þar sem dýrindis hamborgarahlaðborð beið eftir okkur.

Södd og sæl settumst við í reiðhöllina þar sem við biðum spennt eftir sýningunni.

Sýningin var mjög hrífandi, fróðleg, skemmtileg og allir voru mjög ánægðir með ferðina.



Laugardaginn 21. maí var haldin „Æskulýðsdagur Vesturlands“ hjá hestamannafélaginu Skugga í reiðhöllinni Faxaborg í Borgarnesi. Dagurinn var skipulagður af fulltrúum æskulýðsnefndar hestamannafélaga á Vesturland. Félögin eru Skuggi í Borgarnesi, Dreyri á Akranesi, Snæfellingur á Snæfellsnesi, Glaður í Búðardal og Faxi úr Borgarfirðinum. Dagurinn hófst með fánareid, síðan komu pollar ríðandi og teymdir í grímubúningum. Skrautreið barna vakti mikla lukku. Síðan var sett upp trek-braut sem allir krakkar og unglingar máttu spreyta sér á og fannst það öllum mjög gaman. Dagurinn endaði með grillveislu og börn voru teymd á hestbak.



Miðvikudaginn 1. júní

voru haldnar æfingar fyrir börn og unglinga fyrir þátttöku á Gæðingarmóti. Hvert barn eða unglingur fékk sér 30 min kennslustun hjá Lárus Á.Hannesson til að sýna sína sýningu og svo var farið yfir atriðin hvað þau gætu gert betur. Æfingin gekk mjög vel og allir voru á því að við ættum að gera þetta oft.

Að lokum var pizzukvöld fyrir þátttakendur og foreldra í félagsheimilinu Fákasél.



Laugardaginn 4. júní var svo Gæðingamót Snæfellinga frestað en í staðinn hélt stjórn Snæfellinga í samvinnu við Æskulýðsstarfið æfingarmót fyrir börn og unglinga. Allir sem vildu máttu taka þátt og voru einnig nokkrir knapar sem voru ekki orðnir 10 ára velkomnir.

Mótið tókst vel, það reyndist líka mjög góður undirbúningur fyrir börn og unglinga sem tóku síðan þátt í úrtökumóti fyrir landsmótið á Hólum í Hjaltadal. Veðrið var mjög gott og stemningin var afslöppuð og einstaklega skemmtileg.



Nadine Walter og Veronica Osterhammer
Stykkishólmi, 2.10.2016